



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt  
M11 teiknistofu  
Fiskislóð 31/bil B/rými 203/101  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2020  
Tilvísun: 4323 / 6.06 / 202005-0108

### Aðalgata 21, Suðureyri- fyrirspurn um breytingu

Í tölvupósti 20. maí 2020 óskar Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt eftir álti Minjastofnunar Íslands á stækkun á húsi við Aðalgötu 21 á Suðureyri.

Erindinu fylgir greinargerð Eyþórs Páls Haukssonar og Sigrúnar Eddu Eðvarðsdóttir eigenda hússins, dags. 14. maí 2020 ásamt uppdrætti M11 teiknistofu dags. 20. maí 2020.

Óskað er eftir leyfi til að færa aðalinngang og byggja við húsið og til að huga að frekari endurbótum. Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá var húsið reist árið 1912 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr.

Í greinargerð eigenda kemur fram að húsið við Aðalgötu 21 var byggt árið 1910, en í upphafi var það einnar hæðar timburhús, 31 m<sup>2</sup> að stærð, sem var bárujárnsklætt, þá forskalað, málæð og loks einangrað og klætt með steni klæðningu og er það þannig í dag. Byggð var efri hæð á húsið árið 1924. Um 1950 var viðbyggingu úr steinsteypu bætt við húsið. Húsið stendur við gangstétt Aðalgötu, en gatan er þróng og um hana fer oft þung umferð, sem skapar hættu fyrir íbúa hússins, þar sem úthurð snýr beint út að götunni. Nú er fyrirhugað að byggja einnar hæðar viðbyggingu með nýju anddyri. Viðbyggingin verður dregin inn um 1,50 m frá gangstétt og er gert ráð fyrir svölum á þaki hennar. Gert verður ráð fyrir glugga í stað núverandi úthurðar og einnig að setja glugga í eldra hurðarop á götuhlið. Einig er stefnt að því að stækka glugga efri hæðar á norðvestur gafli í samræmi við aðra glugga í húsinu. Það er vilji eigenda að fjarlægja núverandi stení klæðningu og m.a. að skipta um glugga og fjarlægja stromp. Þeir hyggjast færa heildarúlit hússins nær upphaflegu útliti.

*Minjastofnun Íslands heimilar þær breytingar sem sýndar eru á uppdrætti M11 teiknistofu og tekur undir hugmyndir eigenda um að færa húsið nær upphaflegu útliti. Þar sem húsið er timburhús, væri til mikilla bóta teknilega og einnig í samræmi við upphaflega gerð hússins, að fjarlægja steni klæðningu. Ekki kemur fram á teikningu hvernig fyrirhugað er að ganga frá ytra byrði hússins, en það væri einnig mikil bót að því að fjarlægja forskalningu og klæða húsið með*

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

bárujárni. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsaþriðunarnefndar um tréglugga og útveggjajklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

Þegar sótt verður um byggingarleyfi þarf að óska eftir umsögn Minjastofnunar.

Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skyra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfallst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Magrét Þormar  
arkitekt, verkefnastjóri

Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrít í tölvupósti :  
Hugrún Þorsteinsdóttir ([hugrun@m11.is](mailto:hugrun@m11.is))  
Eyþór Páll Hauksson ([eythor@prentmidlun.is](mailto:eythor@prentmidlun.is))  
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir ([sigrunedda@prentmidlun.is](mailto:sigrunedda@prentmidlun.is))

Ákværðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsvýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.